

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2012 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2012

2012/EES/34/01

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2010 frá 15. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1505/2006 að því er varðar árlegar skýrslur aðildarríkjanna um niðurstöður úr eftirlitinu sem fram fór í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 189/2011 frá 25. febrúar 2011 um breytingu á VII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrórnunar ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka. Ákvörðun þessi tekur því ekki til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 56.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 34.

1. Eftirfarandi bætist við í 131. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006) í hluta 1.2:
„eins og henni var breytt með:
– **32010 R 1033**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2010 frá 15. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
„– **32011 R 0189**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 189/2011 frá 25. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 56).“
3. Texti aðlögunarákvæðis H í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 hljóði svo:
„Í staflíð d) í þætti B í kafla D í IX. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „eiga að fara til aðildarríkis sem talið er upp í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006,“:
„eða eiga að fara til Noregs,““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1033/2010 og 189/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.